

LISTIR

Hið leynda samhengi

Guðbergur Bergsson hefur valið fimm listamenn og verk þeirra á sýningu í Gerðarsafni með tilliti til þess hvernig þeir nota birtuna í verkum sínum. **Hildur Einarsdóttir** ræddi við Guðberg um tilurð sýningarinnar, Kyrr birta – heilög birta.

ÞETTA er ekki í fyrsta sinn sem Guðbergur Bergsson setur saman myndlistarsýningu í Gerðarsafni heldur hafa þau, Guðbergur og forstöðumaður safnsins, Guðbjörg Kristjánsdóttir, átt heilladrjúgt samstarf á þessum vettvangi áður. Fyrst þegar Guðbergur valdi höggmyndir Sæmundar Valdimarssonar á sýningu í safninu í árslok 1998, í tilefni 80 ára afmælis listamannsins.

Síðar þegar ákveðið var að setja upp sýningu á verkum úr einkasafni Þorvaldar Guðmundssonar í Síld og fisk og eiginkonu hans, Ingibjargar Guðmundsdóttur. Sýningin, Lífs-hlaup, stóð yfir um aldamótin 2000.

Fyrir um tveimur árum vaknaði sú hugmynd að gera sýningu um birtuna í íslenskrí myndlist sem nú er að líta dagsins ljós.

„Maður veit aldrei hvernig hugmynd vaknar, sjáðu til,“ segir Guðbergur þegar hann er spurður um kveikjuna að inntaki sýningarinnar. „En maður tekur eftir því að birtan skiptir afar miklu máli í íslenskrí myndlist. Þú sérð það á þessari sýningu,“ segir hann og rennir augunum um salarkynninn. „Hér eru ekki myndir af íslensku landslagi heldur af íslenskrí náttúru eða öllu heldur birtunni sem ég held að hafi ríkari áhrif á okkur en landslagið sem slíkt.

Það hvað birta kunni að vera er reyndar afstætt því hún getur líka verið sú tegund af dimmu sem vekur ljósið. Það er auðsætt á því hvernig sköpunin varð að veruleika í Heilagri ritningu. Hlutir geta verið til þótt þeir sjáist ekki. Í kristna hluta heimsins er fyrsta dæmið um birtuna og áhrif hennar að finna í Biblíunni. Þar er eiginleiki ljóssins forsenda fyrir því að sköpunarverk guðs verði sjáanlegt. Áður hafði það verið ósýnilegt eins og hugmynd: Jörðin eyðileg, tóm og dimm en andinn sveif yfir vötnunum. Eins er það með listaverkin. Þau eru til í formi hugmyndaðar sem vaknar og verður að raunveruleika. Slíkt vakning verður líka til þegar við sjáum íslenska myndlist frá nýjum sjónarhóli og

fáum óvænt viðhorf til hennar.“

Hvernig valdir þú listamennina sem hér eiga verk, þau Ásgerði Búa-dóttur, Brynhildi Þorgeirsdóttur, Eyborgu Guðmundsdóttur, Hring Jóhannesson og Vilhjálm Bergsson?

„Ég valdi þau vegna þess að þau komu flest fram þegar áhrif landslagsmálverksins voru að dvína og hið óhlutbundna málverk tók við.

Afstrakt málverkið hefur aldrei verið eins vinsælt og myndir af íslensku landslagi. Með þessari sýningu langar mig að koma á framfæri að málaramir mála ekki landslag heldur birtuna, hið andlega í íslenskrí náttúru. Afstraktlistin hefur öðru fremur verið andleg list. Staðfestingu á því er hægt að sjá í verkum Ásgerðar og Eyborgar. Og það er auðsætt í verkum Hring og Vilhjálm. Hringur tengist birtu jarðar, Vilhjálmur birtu geimsins.

Mig langar líka til að gera áhorfendunum ljóst hvað er mikið samhengi á milli allra listamannanna á sýningunni.

Það er andlegt samband á milli þeirra hvað varðar litanotkun sem á sér djúpar rætur í íslensku hugarfari og listsköpun. Þó að litir séu ekki nefndir í Eddukvæðum þá er andlegi blærinn í ljóðunum jafnan í ákveðnum „huglægum“ litum. Síðan sést á seinni tímum hvernig þessir litir, nefndir með nafni, eru eins og undiralda í íslenskrí menningu og hefur áhrif á það hvernig málaramir hverfa til ákveðinnar litanotkunar. Þannig eru hefðirnar meðvitaðar, ómeðvitaðar.

Litirnir sem alvarlegir málaram og myndlistarmenn nota eru fremur dimmir. Að miklu leyti stafar það af því að í Eddukvæðunum eru andlegu litirnir dimmir litir. Í dimmunni getur líka falist birta.

Það er líka hægt að sjá samhengi í formunum sem þessir listamenn nota. Þau endurtaka sig ekki beinlínis í verkunum heldur eiga sér vissar hliðstæður sem auka fjölbreytni. Þessi form eru ferhyrningar og þríhyrningar og afleiðingar þeirra.

Ástæðan fyrir því að ég ákvað að hafa myndina af fjallinu Keili utan á



Morgunblaðið/Kristinn

Frá sýningunni sem Guðbergur Bergsson valdi verk á í Gerðarsafni.

sýningarskránni er sú að þríhyrningurinn er greinilega ríkjandi form hjá mörgum íslenskum listamönnum.“

Flökta til og frá

„Það er fleira sem sameinar þessa myndlistarmenn sem sýna hér í Gerðarsafni. Eitt er það að þeir hafa afar ákveðna myndsyn og eru ekki að leita eftir neinu öðru en að koma henni á framfæri.

Það sem háir íslenskum myndlistarmönnum og íslenskum listamönnum almennt er eins konar umkomuleysi. Þeir eru sifellt óþolinmóðir að leita að viðurkenningu. Þeir leita að einhverju sem þeir halda að sé við hæfi áhorfenda eða lesenda. Fyrir bragðið eru þeir stöðugt að flökta til og frá á ótraustu tilfinningasviði og ná aldrei andlegum þroska. Þetta á ekki við ofangreinda listamenn. Þeir eru eins og Íslendingar voru áður fyrr, menn og konur sem höfðu ákveðið viðhorf til hlutverks síns sem seinna glataðist eða breyttist við það að stríðið skall á hugarheimi okkar og atvinnuvegum.

Valið á listamönnum tengist líka hugtökunum um kyrrð. Eitt af teppum Ásgerðar heitir til dæmis Kyrrð. Margir sem hafa horft á það gera sér ekki grein fyrir því að hugsunum felst á bak við það og þess vegna er engin tilviljun að það ber þetta heiti. Hér á landi hafa verið haldnar sýningar á málverkum eftir einstaka málara en það hefur ekki verið hægt að tengja þær almennilega með orðum og skilgreiningu.

Það hefur ef til vill verið tekið fram frá hvað tímabili verkin eru. Síðan hefur áhorfandinn þurft að finna eitthvert samhengi í sýningunni. Með hjálp sýningarskrárinnar, sem fylgir, á áhorfandinn ekki að eina að finna hið leynda samhengi í verkunum heldur einnig sína eigin hugmynd um birtuna.

Sýningarskráin er vegleg þar sem myndir og texti skapa ákveðna samfellu enda textinn verið gerður mjög myndrænn. Þeir sem unnu sýningarskrána hafa gert það vel og skemmtilega.“

Ekkert gert af tilviljun

Sýningin er augljóslega þaulhugsuð.

„Hér er ekkert gert af tilviljun heldur er allt útreiknað og skipulagt.

Það á til dæmis við um hvernig höggmyndum Brynhildar er komið fyrir. Hvers vegna þær eru á þessum stað en ekki öðrum. Og hvers vegna þær eru við hliðina á þessu málverki eða veggteppi en ekki einhvers staðar annars staðar í salnum.“

Er það þá þín eigin myndhugsun sem ræður staðsetningu verkanna?

„Já, því sá sem sér um svona sýningu sér hliðstæðurnar frá sínum sjónarhóli. En hann vill ekki gera það á þann hátt að það liggi of mikið í augum uppi vegna þess að hann vill ekki koma fram við gestina eins og þeir séu hálfgerðir kjánar sem sjái ekkert með eigin augum. Slíkt er bara gert í trúarsöfnuðum.

Sá sem setur upp sýningu leiðir áhorfandann áfram með finlegum hætti þannig að hann uppgötví sjálfur, það skiptir höfuðmáli að hann uppgötví ekki vegna þess að hann sé rekinn til þess. Þetta er enginn barnaskóla lærdómur.“

Þú hefur lengi haft áhuga á myndlist. Á það við alla myndlist?

„Ég hef áhuga á myndlist, hvort sem hún er gömul eða frumstæð.

Ég held ekki að myndlist eigi að vera á einhvern sérstakan hátt heldur reyni ég að sjá tilganginn í verkunum og hugsunina á bakvið þau. Stundum er engin hugsun á bak við verkin heldur er engin undirvitundin leiði myndlistarmanninn til að gera hlutina á ákveðinn hátt.“

Þú hefur sjálfur fengist við myndlist.

„Já, og ég hef sýnt hér á Íslandi þá einkum með SUM og erlendis. Ég hef til dæmis sýnt í arabalöndunum. Mér var nýlega boðið að taka þátt í biennalinum sem verður í Sameinuðu arabísku furstadæmum á næsta ári og verið boðið að halda þar fyrirlestur um listaheimspeki.“

he@mbl.is

Dagur íslenskrar tungu

DAGUR íslenskrar tungu er í dag, 16. nóvember, á fæðingardegi Jónasar Hallgrímssonar, en hann var fyrst haldinn hátíðlegur árið 1996. Fjöldmargir aðilar efna til viðburða í tilefni dagsins. Þá verður Stóra upplestrarkeppni 7. bekklingrunnskólanna sett í dag, en hún er haldin í tilefni dagsins. Fram fara tvær forkeppnir í skólunum, bekklingar- og skólakeppni, áður en keppit er til úrslita í hverju byggðarlagi á lokahátíðum í marsmánuði.

Málræktarþing

Málræktarþing Íslenskrar málnefndar verður haldið í hátíðasal Háskóla Íslands, kl. 11–13.30 og er þetta í sjöunda sinn sem þingið er haldið. Yfirskrift þingsins að þessu sinni er Hver tekur við keflinu? Samhengið í íslenskrí tungu.

Frummælendur á þinginu verða Guðrún Helgadóttir rithöfundur, Andri Snær Magnason rithöfundur, Benedikt Jóhannesson, stærðfræðingur og framkvæmdastjóri Talnakönnunar, og Þorvaldur Gylfason prófessor. Guðrún Kvaran, formaður Íslenskrar málnefndar, setur þingið.

Mjólkursamsalan veitir styrk að upphæð 400.000 krónur til nema á háskólastigi sem vinnur að loka-verkefni um íslenskt mál.

Söngnemendur Tónlistarskóla Garðabæjar heiðra minningu Halldórs Laxness með dagskrá í sal Tónlistarskólans kl. 15. Þar flytja nemendur þeirra Snæbjargar Snæbjarnardóttur og Margrétar Óðinsdóttur sönglög við ljóð Halldórs eftir ýmis tónskáld, þar á meðal Jón Ásgeirsson, Atla H. Sveinsson, Jón Nordal og Jón Þórarinnsson.

Ragnheiður Steindórsdóttir leikona tengir síðan söngatriðin með upplestri úr verkum skáldsins. Pí-anóleikarar eru þær Katalín Lörincz og Kolbrún Ósk Óskarsdóttir.

Söngnemendur Nýja söngskólans halda tónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 16. Flutt verða sönglög við ljóð íslenskra ljóðskálda. Stutt kynning verður á skáldunum milli atriða.

Edinborgarhúsið á Ísafirði Hagyrðingakvöld hefst kl. 20.30.

Floki Ólafsson, leikari og hagyrðingur, stjórnar. Fram koma vestfirsku hagyrðingarnir Aðalsteinn Valdimarsson, Jón Jens Kristjáns-son, Ólína Þorvarðardóttir, Sjöfn Kristinsdóttir og Snorri Sturluson. Dómarar verða Elisabet Gunnarsdóttir arkitekt, Erlingur Sigtryggs-son héraðsdómari og Harpa Jónsdóttir grunnskólakennari, sem nýlega hlaut íslensku barnabókaverðlaunin. Fyrirparti hringjendu hefur þegar verið kastað fram:

Íslensk tunga eins og fljót um andans klungur streymir.

Í DAG

Nútimadanshátíð Tjarnarbiói. Kl.

17: Skin eftir Ástrósu Gunnarsdóttur, Solo2 eftir C. Corbett og Rokstelpa eftir Sveinbjörgu Þórhallsdóttur. Kl. 20.30: Bylting hinna miðaldra eftir Ólöfu Ingólfsdóttur og Ismo-Pekka Heikinheimo.

Nemar úr Listaháskóla Íslands

verða með leiðsögn kl. 15 um sýninguna Flökt-Ambulatory-Wandelgang í Nýlistasafninu.

Hafdis Vigfúsdóttir lýkur burtfararprófi í þverflautuleik frá Tónlistarskóla Kópavogs með tónleikum í Salnum kl. 16.

Lúðrasveit Verkalýðsins heldur barna- og fjölskyldutónleika í Ráðhúsi Reykjavíkur kl. 14.

Höllin, Vestmannaeyjum Lög-reglukórinn heldur tónleika kl. 15. **Mariella, Skólavörðustíg 12** Verk eftir Sigtrygg Bjarna Baldvinsson „Treemix-Skymix“ verður á Myndveggnum til 9. desember.

● Sjá einnig Staður og stund á mbl.is

Ofin landslagsbrot

HILDUR Ásgeirsdóttir opnar sýningu í Gallerí Sævars Karls kl. 14 í dag. Þar sýnir Hildur ellefu veflistaverk sem unnin eru á síðastliðnum þremur árum.

Íslenskt landslag er hvatinn að ofnum verkum Hildar sem hún kallar Landslagsbrot. Hugmyndir að verkunum kvikna á ferðum hennar um Ísland, þau eru unnin eftir minni en ljósmyndir notaðar til stuðnings. „Í úrvinnslunni á landslaginu set ég afmörkuð viðfangefni í nærmynd, þannig að þau verða eiginlega afstrakt. Nokkrar myndanna eru þó dæmigerðar landslagsmyndir, þar sem horft er yfir breiðara svið. Allar myndirnar heita þó eftir ákveðnum stöðum, þeim stöðum þar sem hugmyndin að myndefninu varð til.“

Þetta er í fyrsta sinn sem Hildur sýnir verk sín hér á landi en áður hefur hún sýnt í Frakklandi, á Spáni og í Ohio. Hildur er bæði menntuð og búsett í Ohio í Bandaríkjunum en hún lauk mast-

ersgráðu í myndlist frá Kent Stateháskólanum og sérhæfði sig þar í textílvefnaði.

Hildur vinnur veflistaverkin úr silki en málað er á þræðina með silkilítum. Aðferðin er að sögn Hildar nokkurs konar sambland fornrar japanskrar og indverskrar vefnaðarhefðar. Sjálf hefur hún þó aukið við tæknina og þróað í gegnum árin til að ná fram réttum áhrifum. „Við gerð verkanna byrja ég á því að teikna skissu í tvírtí, aðra fyrir uppistöðuna og hina fyrir ívafið. Síðan legg ég þræðina lóðrétt á aðra skissuna og lárétt á hina. Myndin er síðan máluð annars vegar á uppistöðunni og hins vegar á ívafið og með ólíkum litum. Þegar vefnaðin er lokið birtist myndin sem unnin var í skissunni, en þar sem þræðirnir eru málaðir sitt í hvoru lagi verða hin endanlegu litbrigði til í vefnaðinum. Þannig felur aðferðin í sér ýmsa möguleika við litablöndun, því þegar t.d. blár og gulur þræður koma



Morgunblaðið/Ásdís

Hildur Ásgeirsdóttir sækir viðfangsefni til íslenskrar náttúru.

saman nemur augað grænan lit.“

Hildur hefur verið búsett í Bandaríkjunum mestan hluta ævi sinnar. Segir hún umboðsaðila sinn í gallerí í Ohio hafa hvatt sig til að láta verða af því að sýna heima á Íslandi. Verkin sem eru á sýningunni í Gallerí Sævars Karls eru öll unnin sérstaklega fyrir sýninguna, ef frá eru talin verk sem Hildur sýndi á samsýningum í Boston og Ohio. Sýningin er jafnframt sú fyrsta sem Hildur heldur eftir rúmlega árs-

leyfi sem hún tók sér eftir að hafa eignast sitt þriðja barn.

Hildur segist vera Íslendingur í húð og hár og vinnur hún hugmyndirnar að verkum sínum á ferðalögum um Ísland á sumrin. Hún segir verkin ekki unnin af neinni nostalgíu fyrir „heimalandinu“, hún væri eflaust að fást við það sama byggi hún á Íslandi. „Landið er náttúruleg stórfenglegt með allri sinni auðn og orku. Það er uppfyllt af viðfangsefnum.“